

Nýttkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 31. ágúst 1885 (A nr. 12, bls. 32—33).

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt á Gibraltar og Sikiley og um bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum þaðan til Íslands, útg. af ráðgjafanum 14. sept. 1885 (A nr. 13, bls. 34—35).

Lög um stofnun landsbanka, staðfest af konungi 18. septbr. 1885 (A. nr 14, bls. 36—45).

Lög um breytingu á mati nokkurra jarða í Rangárvallasýslu, staðfest af konungi 18. septbr. 1885 (A nr. 15, bls. 46—53).

Auglýsing um bólusótt í Helsingjaeyri, útg. af ráðgjafanum 21. septbr. 1885 (A nr. 16, bls. 54—55).

Reikningur

91

fyrir styrktarsjóð Kristjáns konungs hins níunda frá 1. sept. 1884 til 31. ágúst 1885.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar 1. septbr. 1884:			
a. Innritunarskírteini og konunglegt skuldabréf	kr. 8600,00		
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 137,23	kr. 8737,23	
2. Vextir til 11. júní 1885:			
a. Af innritunarskírteini og konunglegu skuldabréfi	kr. 344,00		
b. Af fje í sparisjóði Reykjavíkur	— 8,51	— 352,51	
	Samtals	kr. 9089,74	

Gjöld.

1. Heiðursgjafir veittar:			
a. Lopti bónda Gíslasyni á Vatnsnesi í Árnessýslu	kr. 160,00		
b. Finni bónda Finnssyni á Finnsörk í Húnavatnssýslu — 160,00	kr. 320,00		
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1885:			
a. Innritunarskírteini og konunglegt skuldabréf	kr. 8600,00		
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 145,74		
c. Í peningum	— 24,00	— 8769,74	
	Samtals	kr. 9089,74	

Reykjavík, 3. október 1885.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jenson.

Ágrip

92

af sýslusjóðsreikningum í suðuramtinu árið 1883.

1. Austur-Skaptafellssýsla:

Tekjur.

a. Eptirstöðvar	kr. 217,95
	Flyt kr. 217,95

17. dag októberm. 1885.